



FORVARNADAGURINN Í FRAMHALDSSKÓLUM

LEIÐBEININGAR

Miðað er við að hver framhaldsskóli noti um klukkustund í umræðu og hópavinnu tengda forvörnum. Lagt er til að verkefnið beinist að yngri nemendum þar sem því verður við komið. Verkefnið þarf að vinna í hópavinnu.

Hjálpargögn til skólanna eru:

- Leiðbeiningar (þetta blað)
- Texti um þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Íslandi undanfarin 15 ár
- Glærुकynning (með viðbótartexta fyrir kennara í Notes page)
- Spurningarblað fyrir hópavinnu nemenda.

Áður en hópavinna hefst er mikilvægt að prenta út spurningablaðið, eitt eintak á hvern hóp.

SKIPULAG KENNSLUSTUNDAR INNAN HVERS SKÓLA:

5 – 10 mín: LESIÐ EFNI (verður sent framhaldsskólum viku fyrir Forvarnadaginn)

Kennari/skólastjórnandi les upp efni um þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Íslandi undanfarin 15 ár, hvernig staðan hefur breyst meðal efstu nemenda grunnskóla og hvaða breytingar verða á fyrsta ári í framhaldsskóla. Kynningin kemur frá Rannsóknnum & greiningu og má nota óbreytta eða nota til stuðnings.

5 – 10 mín: SÝNT EFNI Á GLÆRUM

PowerPoint glærur sýndar með eftirfarandi efni. Texti fyrir kennara fylgir með til upplestrar í Notes Pages á hverri glæru.

Glæra 1. Titilglæra viðkomandi skóla.

Glæra 2. Markmið með verkefninu

Glæra 3. Árangur í lækkun vímuefnaneyslu meðal nemenda í grunnskólum 1997 – 2012.

Glæra 4. Breyting á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk og 16 ára nemenda á fyrstu mánuðum í framhaldsskóla á Íslandi. Daglegar reykingar, ölvun sl. 30 daga, hass um ævina og marjúána um ævina.

Glæra 5. Breytingu á vímuefnaneyslu milli nemenda í 10. bekk og 16 og 17 ára nemenda eftir rúmlega eitt ár í framhaldsskóla.

Glæra 6. Ölvunardrykkja 16 og 17 ára nemenda í viðkomandi skóla með samanburði við

landsmeðaltal, kynjaskipt.

Glæra 7. Ölvunardrykkja 16 – 19 ára nemenda í hverjum og einum framhaldsskóla landsins með stöðu viðkomandi skóla til samanburðar

Glæra 8. Milliglæra

Glæra 9. Umræðupunktur nemenda

MIKILVÆGT FYRIR NÆSTA LIÐ: Að nemendum sé skipt í hóp og hver hópur skipi ritara sem skrifar niður niðurstöður hópsins og skráir svörin og heldur þeim til haga.

5 – 10 mín: Kennari spjallar við nemendur í lok glærukynningar:

Óskar eftir að nemendur ræði í hópnum þær hugmyndir sem þeir hafa um forvarnir og hvað megi gera til að draga úr áfengisneyslu ungs fólks í framhaldsskólum. Til umhugsunar og umræðu eru eftirfarandi spurningar:

1. Hvað teljið þið að valdi því á fyrsta ári í framhaldsskóla að aukning í ölvunardrykkju verður eins og raun ber vitni?

2. Takið þið á einhverjum tímamarki ákvörðun um hvenær þið ætlið eða ætlið ekki að hefja áfengisdrykkju og þá hvers vegna?

3. Hvað myndi hjálpa ykkur að seinka því hefja áfengisdrykkju og standa við þá ákvörðun?

MIKILVÆGT FYRIR NÆSTA LIÐ: Vera með útprentað spurningablað fyrir hvern og einn hóp

20 – 30 mín: Umræður í 4-5 einstaklinga hópum, tillögur nemenda og skráning niðurstaðna:

a) Umræður meðal nemenda í ca 4-5 manna hópum um spurningarnar hér að ofan.

b) Nemendur skipa ritara og skrá svör sín á slóð heimasíðu Forvarnadagsins

Þeir sem óska nánari upplýsinga eru vinsamlega beðnir að senda póst á sh@landlaeknir.is